

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps vegna Fossárvíkur.

Skipulagsstofnun staðfesti 3. október 2019 breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn 12. september 2019.

Í breytingunni felst að í Fossárvík við Fossárdal er skilgreint 3 ha svæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu þjónustuhúss með veitingasölu og bættri aðstöðu fyrir ferðamenn. Einnig er sett nánari stefna um mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæði í nágrenni Fossár og lega byggðalínu er leiðrétt á uppdrætti.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 3. október 2019.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*